

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Innbæjar og Fjöru á Akureyri.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. febrúar 1986 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi Innbæjar og Fjöru á Akureyri.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

Nr. 80

10. febrúar 1986

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 445/1978, um flokkun eiturefna og hættulegra efna, með síðari breytingum.

1. gr.

Ný efni á lista IV A:

Steinolía, lyktarlaus.

Steinolía, íblönduð ilmefnum og/eða lit.

Terpentína, lyktarlaus.

Terpentína, íblönduð ilmefnum og/eða lit.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. laga um eiturefni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.